



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Áætlun um öryggi og heilbrigði

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Lög og reglugerðir	2
Samantekt á niðurstöðum áhættumats	3
Innra starf	3
Vinnuverndarstarf	3
Hollustuhættir	4
Vinnurými	4
Inniloft	4
Efni og efnaáhrif	4
Lýsing	4
Hávaði	4
Verkstöður – líkamlegt álag	4
Félagslegur og andlegur aðbúnaður	5
Vinnutími	5
Endur- og símenntun	5
Öryggi	5
Húsnæði og umhverfi	5
Sérrými	5
Persónuhlífar	6
Aðbúnaður	6

Starfsmannarými	6
Ræstiklefi/klefar	6
Eftirfylgni	6
Aðgerðaráætlun	7

Inngangur

Tilgangur með gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði er að fyrirbyggja og draga úr áhættu á slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni sem starfsfólk getur orðið fyrir við störf sín. Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði felur í sér sérstakt áhættumat, áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem í samræmi við niðurstöður áhættumatsins leiða til úrbóta og eftirfylgni að úrbótum loknum. Með áætlun um öryggi og heilbrigði viljum við tryggja sem best vellíðan allra okkar starfsmanna. Áætluninni skal framfylgja í daglegri starfsemi skólans þannig að vinnuverndarstarfið sé órjúfanlegur þáttur starfseminnar. Árangur af hinu kerfisbundna áhættumati verður metinn reglulega í samráði við öryggisnefnd skólans og úrbætur gerðar eftir því sem niðurstöður árangursmatsins gefa tilefni til. Áætlunin um öryggi og heilbrigði verður gerð aðgengileg á heimasíðu skólans. Samkvæmt reglum um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum (nr. 920/2006) sem byggja á Vinnuverndarlögunum (nr. 46/1980) ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð er áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Samkvæmt lögunum skal áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað fela í sér að gert er sérstakt áhættumat sem gefur gott yfirlit yfir heilsufarslega áhættu- og álagsþætti. Jafnframt skal tilgreina forvarnir, sem byggja á áhættumatinu til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á heilsutjóni og áætlun um eftirfylgni.

Lög og reglugerðir

Viðmið sem stuðst er við í áhættumati byggja á vinnuverndarlögunum (nr. 49/1980) og reglugerðum sem eiga við þá starfsemi sem fer fram í skólanum. Notaðir voru vinnuumhverfisvísar sem eru gátlistar sem er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Gátlistarnir eru sérstaklega hannaðir til þess að finna hættur í vinnuumhverfinu. Notast er við sérstaka útgáfu gátlistans fyrir skóla.

Þau lög og reglur sem eiga við starfsemi skólans eru m.a.:

- Lög nr. 46/1980 Vinnuverndarlögin (lög um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum)
- Reglugerð nr. 920/2006 Reglugerð um skipulag og framkvæmdir vinnuverndarstarfs á vinnustöðum

- Reglugerð nr. 581/1995 Reglur um húsnæði vinnustaða
- Reglugerð nr. 921/2006 Reglur um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 498/1994 Reglur um skjávinnu
- Reglugerð nr. 499/1994 Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar
- Reglugerð nr. 1000/2004 Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 553/2004 Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 931/2000 Reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti
- Byggingareglugerð

Lög og reglur er að finna á heimasíðu [Vinnueftirlitsins](#).

Samantekt á niðurstöðum áhættumats

Áhættumatið var framkvæmt þann 4. maí 2020 af þeim Guðmundi Arnari Guðmundssyni, öryggistrúnaðarmanni og Björgólfi Halldórssyni, öryggisverði.

Innra starf

Vinnuverndarstarf

Það má segja að ekki hafi farið fram kerfisbundið vinnuverndarstarf í skólanum þar sem áhættumat hafði ekki verið unnið reglulega og engin skrifleg áætlun var til um öryggi og heilbrigði. Þó hafa verið starfandi öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður sem hafa annast eftirlit ásamt skólameistara. Eftirlitið hefur þó ekki verið reglulegt og engin eftirlitsbók er til staðar.

Hollustuhættir

Vinnurými

Vinnurými starfsfólks er fullnægjandi að stærð. Vinnurými kennara í verknámshúsi er þó ekki nægilega góð. Hávaði vegna véla hefur þar töluverð áhrif þar sem vinnurýmið er inni í kennsluáðstöðunni. Auk þess hafa þeir ekki nægilega góða aðstöðu fyrir gögn.

Inniloft

Hitastig í skólanum er eðlilegt og dregið úr hitaálagi frá gluggum með gluggatjöldum. Þó þarf að skoða lausnir í verkkennduhúsi þar sem hitaálag er á glugga og engin gluggatjöld.

Loftræsting virðist að mestu leyti í lagi en það þarf að koma á reglubundnu viðhaldi á henni og kanna gæði loftsins á markvissan hátt.

Efni og efnaáhrif

Varasöm og hættuleg efni eru ávallt geymd í læstri geymslu í bóknámshúsi. Í verknámshúsi vantar upp á aðstöðuna, efni eru ekki alltaf geymd í læstum og loftræstum geymslum og einnig þarf að gera betur í því að fræða um meðferð og notkun efna. Það þarf að framkvæma áhættumat vegna efnanotkunar.

Lýsing

Lýsing er góð í skólanum bæði m.t.t. dagsbirtu og raflýsingar.

Hávaði

Heilt yfir er hávaði ekki mikið vandamál ef frá er talið í verknámshúsi. Þar er vinnuástaða kennara inni á verkstæðum og hávaði er ekki mældur eða skráður reglulega. Þessu þyrfti að koma á. Einnig er mikilvægt að huga að fræðslu um raddvernd fyrir starfsfólk.

Verkstöður – líkamlegt álag

Verkstöður eru almennt góðar. Þeir sem vinna hvað mest við tölvur eru allir komnir með stillanleg skrifborð, þ.e. kennarar, stjórnendur og starfsfólk skrifstofu. Einnig hafa allir

stillanlega vinnustóla. Léttitæki eru til staðar til að bera léttu hluti milli staða s.s. hjólaborð og vagnar.

Félagslegur og andlegur aðbúnaður

Starfsmannakannanir eru lagðar fyrir reglulega og starfsmannasamtöl árlega. Einnig eru skólastjórnendur mjög aðgengilegir. Almennt er fólk ánægt með starfið og samvinnuna í skólanum. Einhverjir telja þó að það mætti vera meiri hvatning og stuðningur á vinnustaðnum og ekki sé viðurkenning fyrir vel unnin störf.

Vinnutími

Vinnutími starfsmanna er breytilegur eftir eðli og starfslýsingu hvers starfs.

Endur- og símenntun

Skipulögð endurmenntun er til staðar í stofnuninni og kallað er eftir hugmyndum og tillögum frá starfsfólki þar um.

Öryggi

Húsnæði og umhverfi

Gott aðgengi er vegna vörumóttöku heilt yfir. Vörumóttaka í trédeild er þó ekki nægilega góð þar sem hún er á annarri hæð hússins. Vöruhurðir eru almennt í góðu ásigkomulagi en það vantar ljósnemavörn til varnar klemmihættu á hurð í málmdeild. Einnig þarf að tryggja reglubundið viðhald á hurðunum. Umferðaleiðir innanhúss eru greiðar og öruggar. Rýmingarleiðir eru fyrir hendi, vel merktar og greiðar. Rýmingaráætlun er til staðar og viðbrögð æfð. Öryggis- og heilbrigðismerkingar eru í góðu lagi. Slökkvibúnaður er yfirfarinn reglulega.

Sérrými

Vélar í verknámshúsi eru heilt yfir í lagi. Öryggis- og neyðaröfar eru virkir. Hlífðarbúnaður véla er einnig í lagi. Staðbundið afsog og loftræsting er til staðar. Geymslur fyrir muni eru til staðar. Það er tryggt yfirsýn kennara milli vinnurýma heilt yfir en í slípi kompu í málmdeild er hún ekki nægilega vel tryggð.

Persónuhlífar

Viðeigandi persónuhlífar, s.s. gleraugu, sloppar, svuntur og heyrnarhlífar eru til staðar.

Aðbúnaður

Starfsmannarými

Í bóknámshúsi eru snyrtingar eru hæfilega margar miðað við fjölda starfsfólks. Kaffistofa er þar einnig af hæfilegri stærð. Í verknámshúsi eru snyrtingar ekki nægilega margar og fyrirkomulagið varðandi þær er ekki nægilega gott. Einnig er kaffistofa of lítil. Engir læstir fataskápar, fatahengi eða læstar hirslur fyrir persónulega muni er að finna í húsnæði skólans.

Ræstiklefi/klefar

Ræstiklefar eru til staðar með góðu aðgengi á öllum hæðum.

Eftirfylgni

Til að vinnuverndarstarf skólans verði virkt er nauðsynlegt að farið sé yfir áhættumat árlega og alltaf þegar breytingar verða á starfseminni (reglur nr. 920/2006 um skipulag vinnuverndarstarfs í fyrirtækjum). Eftirfylgni áhættumatsins er á ábyrgð atvinnurekenda. Mikilvægt er að allt starfsfólk taki virkan þátt í vinnuverndarstarfinu og fylgist vel með hverju því sem áhrif hefur á líðan, heilsu og öryggi starfsfólks. Tilkynna skal til öryggisvarðar eða yfirmanns ef vart er við eitthvað sem betur má fara í vinnuumhverfi og varðar líðan og öryggi starfsmanna.

Aðgerðaráætlun

Í kjölfar áhættumatsins var ráðist í gerð eftirfarandi aðgerðaráætlunar. Áætlunin var sett saman þann 18. maí á fundi Öryggistrúnaðarmanns og gæðastjóra. Farið var í gegnum áhættumatið og aðgerðaráætlunin sett saman.

Áhættumat skal gera árlega, í kjölfar hvers skólaárs og þá er unnin ný aðgerðaráætlun í kjölfarið. Aðgerðaráætlunin sem er hér fyrir aftan gildir fyrir skólaárið 2020-2021.